

## HELSTU ÁFANGAR OG TÍMAMÓT ORÐANEFNDAR RAFMAGNSVERKFRÆÐINGA, ORVFÍ

Rafmagnsverkfræðingadeild (RVFÍ) var stofnuð innan Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) 7. febrúar 1941.

Orðanefnd RVFÍ (ORVFÍ) var stofnuð 16. maí 1941 á fjórða fundi, fyrsta aðalfundi hinnar nýstofnuðu deildar. Stofnun orðanefndarinnar var fyrsta mál á dagskrá aðalfundarins.

Fyrstu nefndarmenn ORVFÍ voru kjörnir á þessum aðalfundi: Gunnlaugur Briem, Steingrímur Jónsson og Guðmundur Marteinsson.

Fáar sögur fara af nefndinni fyrstu árin. Á aðalfundi RVFÍ árið 1947 er kvartað yfir því, að nefndir, sem stofnaðar hefðu verið innan deildarinnar væru „tregar“ til að gera grein fyrir störfum sínum. Þó er þess getið, að orðanefnd sé starfandi, en um nefndina sé að öðru leyti „fátt annað til frásagnar“.

Á aðalfundi árið 1948 flutti formaður orðanefndarinnar skýrslu um starf hennar og gat þess, að nefndin hefði safnað yfir 1000 orðum. Á fundinum var Jakob Gíslason kosinn í nefndina til viðbótar við þá, sem fyrir voru. Á aðalfundi 1949 er þess getið í skýrslu formanns orðanefndarinnar, að nefndin hafi safnað um 2000 orðum. Á aðalfundi í jan. 1953 er sagt frá því, að nefndin hafi skilað prentuðu orðasafni í 1000 eintökum, sem dreift hafi verið til allra verkfræðinga og ýmissa annarra, en 3 stofnunum verið seld 100 eintök á 3000 krónur hverri. Á aðalfundi 1959 kemur Eðvarð Árnason til liðs við nefndina, og 1962 óskar Gunnlaugur Briem eftir því að fá að hætta í nefndinni, en Jón A. Skúlason kemur í hans stað sem nefndarmaður, og Jakob Gíslason er kosinn formaður. Aðalfundur 1969 brýtur blað í sögu orðanefndarinnar, þegar þrír rafmagnsverkfræðingar eru kosnir til viðbótar í nefndina: Bergur Jónsson, Jón D. Þorsteinsson og Sigurður Briem, en Eðvarð Árnason virðist hafa horfið úr nefndinni á sama fundi. Þar með eru nefndarmenn orðnir 7, en voru upphaflega einungis 3, síðan 4 og svo 5. Eftir aðalfundinn 1969 hefur nefndin verið nánast opin öllum þeim, sem vildu gefa sig að nýyrðasmíði og starfa með nefndinni. Um áramótin 2008/2009 eru skráðir nefndarmenn 9 og íslenskufræðingar á launum starfar með nefndinni.

Frá stofnun nefndarinnar 1941 allt til 1972 hafa ekki fundist neinar skriflegar skýrslur um störf hennar, nema það sem fram kemur í munnlegum frásögnum og bókað er í fundargerðum aðalfunda RVFÍ. Undantekning er þó skýrsla, sem flutt var á aðalfundi 1964. Það er því ekki fyrir en á aðalfundi 1972 og árlega eftir það, sem skilað er skriflegum skýrslum um störf nefndarinnar á liðnu starfsári hverju sinni. Sú hefð hefur myndast, að skýrslurnar hafa ávallt verið lesnar upp á aðalfundum RVFÍ, og afhentar ritara deildarinnar til vörslu. Bergur Jónsson hefur ritað skýrslurnar frá upphafi.

Í Árbók 1989/1990 hóf VFÍ að birta skýrslur orðanefnda. Orðanefnd RVFÍ skilaði skýrslu um starfsemi sína í þá bók og árlega síðan. Undantekning er þó árbókin 1999/2000. Einnig hafa verið samdar skýrslur til birtingar í aðalfundargögnum VFÍ.

Formenn Orðanefndar RVFÍ hafa einungis verið þrír frá upphafi. Fyrst Gunnlaugur Briem frá 1941 til 1962, í 21 ár. Þá tók Jakob Gíslason við og var formaður til ársins 1984, í 22 ár. Bergur Jónsson, sem tók við af Jakobi, var kjörinn formaður ORVFÍ á fundi nefndarinnar 29. mars 1984.

## Bækur Orðanefndar RVFÍ

1. **Orðasafn II. Rafmagnsfræði. Dansk-íslenskt bráðabirgða orðasafn.**  
Prentað sem handrit. Reykjavík 1952.
2. **Raftækni- og ljósorðasafn.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1965.
3. **Raftækni- og ljósorðasafn, 2.bindi.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1973.
4. **Raftækni- og ljósorðasafn 1. Þráðlaus fjarskipti.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1988.
5. **Raftækni- og ljósorðasafn 2. Ritsími og talsími.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1989.
6. **Raftækni- og ljósorðasafn 3. Vinnsla, flutningur og dreifing raforku.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1990.
7. **Raftækni- og ljósorðasafn 4. Rafeindalampar og aflrafeindatækni.**  
Menningarsjóður, Reykjavík 1991.
8. **Raftækni- og ljósorðasafn 5. Rofbúnaður, stýribúnaður og vernd raforkukerfa.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1995.
9. **Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt raftækni- og ljósorðasafn.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1997.
10. **Raftækni- og ljósorðasafn 6. Mælitækni, mælispennar og gjaldskrár raforku.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1998.
11. **Raftækni- og ljósorðasafn 7. Strengir, línur, einangrarar og orkumál.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2000.
12. **Raftækni- og ljósorðasafn 8. Rafvélar, aflspennar, spanöld og aflþéttar.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2001.
13. **Raftækni- og ljósorðasafn 9. Ljóstækni.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2001.
14. **Raftækni- og ljósorðasafn 10. Sjálfvirk stýring og fjarstýring.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2002.
15. **Raftækni- og ljósorðasafn 11. Fjarskiptanet, skiptitækni og merkjagjöf.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2003.
16. **Raftækni- og ljósorðasafn 12. Ljósleiðara- og geimfjarskipti.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2004.
17. **Raftækni- og ljósorðasafn 13. Loftnet og bylgjuútbreiðsla.**  
Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2008.

Eins og sést af ofangreindu, gaf Bókaútgáfa Menningarsjóðs út bækur Orðanefndar RVFÍ fyrst framan af, þar til hún var lögð niður. Þegar leitað var til annarra bókaútgefenda, hafði enginn áhuga á útgáfu orðabókanna. ORVFÍ sá sér þann kost vænstan að gefa bækur sínar sjálf út. Til þess hefur fengist styrkur hverju sinni, ýmist úr Málræktarsjóði eða Menningarsjóði, sem hefur nægt til að greiða hluta prentkostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir á rafmagnssviði hafa sýnt starfi ORVFÍ áhuga og velvild og hafa stutt starfseminu dyggilega með því að kaupa allt upp í tugi bóka hver fyrir þá starfsmenn sína, sem málið varðar. Þá er ljúft að geta þess, að á árs hátíð Verkfræðingafélags Íslands 3.febrúar 2001, sem jafnframt var 60 ára afmælishátíð Rafmagnsverkfræðingadeildar, afhenti framkvæmdastjóri félagsins formanni deildarinnar ávísun að upphæð 350.000 kr. að gjöf frá félaginu, en stjórn RVFÍ hafði ákveðið, að fjárupphæðin rynni óskert sem styrkur til Orðanefndar RVFÍ í tilefni 60 ára afmælis nefndarinnar, 16. maí 2001. Í þakkarbréfi til Verkfræðingafélagsins komst formaður orðanefndar m.a. svo að orði:

*Styrkurinn er ekki einungis kærkominn fjárhagslegur stuðningur við starf Orðanefndarinnar. Í honum felst einnig mikil viðurkenning á störfum nefndarinnar. Hann er nefndarmönnum hvatning til frekari dáða við íðorðasmíð og þar með að auðgun og vernd íslenskrar tungu.*

*Nýyrðasmíð Íslendinga er þekkt meðal nágrannaþjóða okkar, sem líta á það með undrun og aðdáun, hve vel hefur tekist að halda við íslensku tungutaki í hraðfara tæknivæðingu og samskiptum þjóða. Verkfræðingar hafa ávallt verið í fararbroddi á því sviði. Nægir að minna á stofnun Orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands árið 1919. Sú nefnd starfaði með miklum ágætum mörg fyrstu starfsár sín, en slitrótt hin síðari. Rafmagnsverkfræðingar létu það verða eitt sitt fyrsta verk í nýstofnaðri deild sinni innan VFÍ að skipa menn í orðanefnd. Þeir voru með því í reynd að endurlífga Orðanefnd Verkfræðingafélagsins, sem nokkrum árum áður hafði haldið sinn síðasta fund og fjallað þar um orðafar reglugerðar um raforkuvirki. Rafmagnsverkfræðingar höfðu verið nánir samstarfsmenn bókmennatjöfranna, sem voru kjarni Orðanefndar Verkfræðingafélagsins. Orðaskrá með fyrirsögninni “Nokkur heiti úr raffræðinni”, birtist í Tímariti Verkfræðingafélagsins þegar árið 1920 og önnur þremur árum síðar. “Ný og gömul heiti úr vjelfræðinni” birtust svo í tímaritinu árið 1925. Orðaskrár og orðasöfn úr öðrum greinum þjóðlífs birtust einnig á þessum árum. Orðanefnd RVFÍ hefur látið tólf bækur frá sér fara á 60 ára ferli, þar af níu frá árinu 1988.*

Um áramótin 2008/2009 voru eftirtaldir verkfræðingar og tæknifræðingar skráðir nefndarmenn. Í sviga á eftir nöfnunum stendur árið, sem viðkomandi gekk til liðs við nefndina.

Bergur Jónsson, formaður	1969	
Gunnar Ámundason	2000	
Gústav Arnar	2003	(starfaði áður með nefndinni á árunum 1974-1991)
Hreinn Jónasson	1981	
Ívar Þorsteinsson	1974	
Jón Þóroddur Jónsson	1975	
Sigurður Briem	1969	
Sæmundur Óskarsson	1985	
Þorvarður Jónsson	1977	

Í byrjun árs 2009 hafa nefndarmenn með einni undantekningu því starfað 15 til 40 ár í nefndinni hver.

Frá því að farið var að taka saman skrifaðar skýrslur um starf orðanefndarinnar, fyrst um starfsárið 1971/1972, og fram til ársloka 2008, alls 38 starfsár, hafa verið haldnir nákvæmlega 1168 bókaðir fundir. Það eru að jafnaði 30 - 31 fundur á ári. Fjöldi funda hefur yfirleitt verið frá 25 fundum á starfsári upp í 35 fundi. Fjögur starfsár hefur fjöldi funda farið niður fyrir 25 á ári, en fimm starfsár hafa þeir hins vegar farið upp í 40 og þar yfir. Tvö starfsár voru haldnir 43 fundir hvort ár. Starfsár Orðanefndar var til skamms tíma talið vera tíminn milli tveggja aðalfunda RVFÍ, venjulegast sem næst eitt ár, en undanfarin 6 ár hefur verið miðað við almanaksárið. Fundir eru að jafnaði vikulega, á fimmtudögum, en falla niður á lögboðnum helgidögum og oft um hásumarið. Þeir standa yfirleitt yfir í 2 til 3 klst. hverju sinni. Nefndarstörf hafa ávallt verið unnin án nokkurs endurgjalds í tómsundum nefndarmanna.

Auk fundarsetu hefur mikið starf verið unnið við undirbúning og útgáfu bóka nefndarinnar, færslu íðorða á fjórum tungumálum í tölvu, ritstjórn og samskipti við útgefanda fyrri bóka

nefndarinnar (Menningarsjóð) og Prentsmiðjunnar Odda hf. vegna útgáfu allra síðari bóka, sem nefndin sjálf stóð að, prófarkalestur, vinnslu ýmiss konar upplýsinga og samantektar um störf nefndarinnar og fjölmargt annað, sem of langt yrði að tíunda í þessu yfirliti.

Tekið saman: 09.01.2001 / Bergur Jónsson (BJ)

Viðaukar og endurskoðun: 05.03.2009 / BJ

## Dæmi um íðorð

Hér eru birt dæmi um íðorð, sem ORVFÍ telur vera góð og birst hafa í safni nefndarinnar. Þetta eru einungis fá dæmi. Stundum er erfitt að segja til um uppruna orðanna, en þau hafa ratað inn í orðasafnið á grundvelli þess, að hér eru góð íslensk orð, sem fengið hafa nýja merkingu í sumum tilvikum eða eru algjör nýyrði, sem standast orðmyndunarfræði íslenskrar tungu.

Íslenska	Enska
ferjald	transducer
fjarskipti	telecommunication
flúrskin	fluorescence
gjörvi	processor
heldni	hysteresis
hliðrænn	analog
hverfill	turbine
iðustraumar	eddy currents
kaffær	submersible
kló	plug
langæislína	duration curve
lati	inhibitor
launafl	reactive power
launviðnám	reactance
liði, rafliði	relay (electrical)
ljósleiðari	optical fibre
málgildi	rating
nándarrofi	proximity switch
rafali	generator
rafefni	dielectric
rafeindur (lo.)	electronic (adjective)
reiða	availability
rofi	circuit-breaker
rýmd	capacitance
samrás	integrated circuit
samviðnám	impedance
sátur	stator
skammhlaup	short-circuit
skanni	scanner
skilrofi	isolator, disconnecting switch

skjár	screen
snari, valrofi	selector switch
snerpir	booster
snúður	rotor
span	inductance
spanald	inductor
stafrænn	digital
straumfesta	ballast
stöðgun	stabilization
sveiflusjá	oscilloscope
svipull	transient
tafla	switchboard
tengjald	coupler
tvinn	thermocouple
umlykja (no. kvk.)	enclosure (of an assembly)
þreif	pick-up head